



Fundargerð 9. aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. 25. febrúar 2005

9. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. Mótel Venus, 25. febrúar 2005 kl. 14:00.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttur fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmæti fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Þorvaldur Vestmann.

Kristinn Jónasson Linda

B. Pálsdóttir

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a. Starfsemin hefur gengið vel á árinu. Hann fór yfir þróun fjármála og magntölur frá upphafi. Notkun timburkurils þykir nokkuð há í tölum en þegar það magn er metið þá er niðurstaðan ekki sú að verið sé að brúla með kurlið. Einnig minnkar malartaka vegna kurlnotkunarinnar.

Helstu framkvæmdir eru þær að unnið hefur verið áfram samkvæmt umhverfisskipulagi staðarins. Unnið hefur verið að endurbótum á foknetinu. Urðunarrein sem nú er í notkun er hálfnuð. Hefja þarf undirbúning að nýrri urðunarrein á þessu ári.

Samningur við Gámabjónustu Vesturlands var framlengur á árinu. Hann framlengist um eitt ár í senn nema samningsaðilar segi honum upp með 6 mánaða fyrirvara. Vaxandi skyldur eru lagðar á sveitarfélög í málaflokknum, m.a. með kröfu um gerð úrgangsaætlunar. Landsáætlun liggur nú fyrir og eiga sveitarfélögin að staðfesta sínar áætlanir um mitt þetta ár. Sorpstöð Suðurlands, SORPA, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands hafa tekið höndum saman og er þessi vinna nú í fullum gangi. Guðbrandur sagði frá haustferð stjórnar Sorpurðunar hf. til Akureyrar en tilgangur ferðarinnar var að kynna sér jarðgerð. Í framhaldinu sannfærðust stjórnarmenn um að jarðgerð á sláturúrgangi væri vel framkvæmanleg. Jarðgerð úr sláturúrgangi hefur aðeins verið skoðuð í framhaldinu.

Vandamál hafa verið uppi varðandi frárennsli frá sláturúrgangsurðunarreinum en það mál er nú í skoðun. Hugsanleg uppsetning verðurathugunarstöðvar í Fíflholtum en Veðurstofan hefur leitað til Sorpurðunar hf. varðandi hugmyndi að uppsetningu hennar á svæðinu.

Formaður þakkaði stjórnarmönnum og öðru samstarfsfólki gott samstarf á árinu. Einnig öðru sveitarstjórnarfólki og sorpverktökum þakkaði hann samstarfið og samskipti.

2. Ársreikningar félagsins.

Hrefna B Jónsdóttir skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er 4.281.046 kr. hagnaður. Heildartekjur ársins 2004 voru 39,8 millj. kr. Afskriftir ársins eru 8,3 millj. kr.

Heildareignir eru 38,3 milljónir, skuldir 18,4 millj. og eigið fé 19,8 millj. kr.

Hrefna sagði frá skýrslu um grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands hf. sem liggur nú fyrir vegna ársins 2004 og er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og SSV.

Fundarstjóri bar upp reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Lagt var til að greiðsla fyrir fundarsetu yrði 8.500 kr. pr. fund og 17.000 kr. fyrir formann. Greiðslur yrðu fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2004 yrði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Þorvaldur Vestmann flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Gunnólfur Lárusson.

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Guðbrandur Brynjúlfsson

Sæmundur Víglundsson

Bergur Þorgeirsson.

Magnús Ingi Bæringsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sæi áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar. Engin.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari,

Hrefna B. Jónsdóttir